

Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **ÍS Vari fyrir Bensín**

Notkun: Til íblöndunar í bensín

Dreifingaraðili: Skeljungur hf., Suðurlandsbraut 4, 105 Reykjavík, sími 560 3800

Neyðarsímanúmer framleiðanda: -

Neyðarlínan; sjúkrabífreidd, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Sjúkrahúss Reykjavíkur: sími 525 1111

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.: ESB-nr.: Efnahæiti: Styrkur %: Hættuflokkun:

67-63-0 200-661-7 Ísoprópanól - F H11

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Mjög eldfimt. Gufa efnisins myndar eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti.

Ertir augu. Í háum styrk veldur efnið deyfð eða vímu.

Efnið er til skoðunar hjá ESB m.t.t. umhverfishættu.



4. Skyndihjálp.

Almennt: Einkenni eru höfuðverkur, svimi, velgja, deyfð, og erting í húð, augum og öndunarferum. Inntaka getur haft í för með sér ölvun og síðan dá. Þurrkar húðina. Endurtekin eða langvarandi snerting við efnið getur valdið sprungum og exemi.

Snerting við húð: Farið úr fötum sem mengast af efninu og þvoðið vandlega með vatni og sápu. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.

Snerting við augu: Skolið STRAX vandlega með vatni með augað vel opið. Leitið umsvifalaust lækni.

Við innöndun: Tryggið hreint loft. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.

Við inntöku: Framkallið EKKI uppköst. Gefið slasaða vatn að drekka ef hann er með meðvitund. Leitið lækni ef slasaði jafnar sig ekki fljótt.

Upplýsingar f. lækna: Hefur áhrif á miðtaugakerfi.

5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

Efni/aðferðir: Notið alkahólþolna froðu eða vatnsúða. Nota má duft, kolsýru, sand eða jarðveg fyrir lítinn eld. Notið ekki vatnssprautu. Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Haldið lokuðum umbúðum með efninu köldum með vatni.

Sérstök hættu: Við bruna myndast m.a. kolmónoxíð. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur dreifst eftir gölfum og leiðslum og valdið íkveikju fjarri upprunastað.

6. Efnaleki.

Forðist beina snertingu við efnið. Varist innöndun gufu. Loftræstið svæðið vandlega. Við hreinsunarstörf skal nota persónuhlífar skv. lið 8. Látið allan ónauðsynlegan mannskap yfirgefa svæðið. Stöðvið lekann ef það er hægt án áhættu. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og bannið reykingar.

Látið efnið ekki komast í niðurföll, vatn eða jarðveg. Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Látið lekar umbúðir í aðrar stærri eða losið innihaldið í heil ílát. Þvoið mengað svæði vandlega með vatni og safnið skolvatninu sem menguðum úrgangi.

Hætta er á sprengingum. Gufa efnisins myndar eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti. Látið viðeigandi yfirvöld vita ef efnið kemst í holræsakerfi.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Varist snertingu við augu. Forðist endurtekna eða langvarandi snertingu við húð. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki við meðhöndlun efnisins. Notið aðeins á vel loftræstum stað. Jarðtengið öll áhöld. Reykið ekki. Losið ekki í niðurföll.

Æskilegt umbúðaeefni eða innra byrði umbúða er mjúkt eða ryðfrítt stál. Notið zink silikat við málun. Notið ekki plast (flestar gerðir), ál við herra hitastig en 50 °C né neopren í umbúðir. Tæmið umbúðir vandlega og athugið að sprengihætta getur verið af leifum í tómun umbúðum. Ekki má gata, skera, raf- eða logsjóða óhreinsaðar umbúðir.

Geymsla: Geymist í vel lokuðum umbúðum á vel loftræstum stað. Hlífið gegn sólarljósi og hita- og neistagjöfum. Reykið ekki á geymslusvæði.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Notið aðeins á vel loftræstum stað.

Mengunarmörk: Ísoprópanól (MG) 200 ppm 490 mg/m³

Persónuhlífar:

Öndunargrímur: Óþarft við venjulegar aðstæður. Hálfgríma með síu fyrir lífrænar gufur, NPF 400 (gas only) ef þörf krefur. Notið fersk-loftstæki með opinni rás af gerð NPF 2000 á lokuðum svæðum. Hlíðargleraugu / andlitshlíf.

Fyrir augu:

Fyrir hendur:

Fyrir húð:

Hlíðarhanskar úr PVC, neopren eða nítrílgúmmí eftir þörfum. Venjulegur hlífðarfatnaður eða heilgalli úr PVC og efnaþolnir öryggisskór eða hnéhá öryggisstígvél eftir aðstæðum.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Ástand / útlit / lykt:	Vökvi / tær / einkennandi
Sýrustig (pH):	-
Bræðslumark:	- 88 °C
Suðumark:	82 - 83 °C
Blossamark:	12 °C (Abel)
Hætta á sjálfíkveikju:	425 °C
Sprengimörk; efri; neðri:	12% v/v; 2% v/v
Gufuþéttni:	2,0 við 20 °C (andrúmsloft = 1)
Gufuþrýstingur:	4,1 kPa við 20 °C
Hlutf. uppgufunarhraði:	1,5 (ASTM D 3539, n-BuAc = 1)
Seigja:	2,43 mPa.s við 20 °C
Leiðni:	6 x 10 ⁶ pS/m við 20 °C
Mólpungi:	60,10
Eðlisþyngd:	785 kg/m ³ við 20 °C
Leysanleiki; í vatni:	Leysist
í alkahóli:	n-Óktanól / vatn, log Pow 0,05

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

<i>Stöðugleiki:</i>	Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður. Hvarfast við sterka oxunarmiðla. Hvarfast við sterkar sýrur.
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	Hiti, eldur og neistagjafir.
<i>Efni sem skal varast:</i>	Sterkir oxunarmiðlar og sterkar sýrur.
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	Engin þekkt.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar.

<i>Almennt:</i>	Upplýsingar eru byggðar á niðurstöðum fyrir efnið.
<i>Snerting við húð:</i>	Ekki ertandi. Getur valdið ofnæmi.
<i>Snerting við augu:</i>	Ertandi.
<i>Við innöndun:</i>	Ertandi.
<i>Við inntöku:</i>	Getur valdið ölvun og síðan dái.
<i>Bráð eiturhrif:</i>	LD50 (inntaka): > 2000 mg/kg LD50 (húð): > 2000 mg/kg LC50 (innöndun): > 5 mg/l
<i>Langtímaáhrif:</i>	Endurtekin snerting við efnið skemmir miðtaugakerfi í rottum. Í háum styrk veldur efnið fósturskemmdum hjá rottum og kaninum.

12. Hættur gagnvart umhverfinu.

<i>Almennt:</i>	Upplýsingarnar eru byggðar á niðurstöðum fyrir vöruna.
<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Leysist í vatni. Hverfur úr yfirborði jarðvegs á einum sólarhring. Ef mikið magn kemst í jarðveg getur það mengað grunnvatn.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	Bráð eiturhrif fyrir fisk, Daphnia, þörungum og bakteríur: LC/EC/IC50 > 100 mg/l.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	Brotnar greiðlega niður í náttúrunni og safnast ekki upp. Brotnar einnig niður við loftfirðar aðstæður. Oxast hratt í lofti fyrir áhrif ljóss. Ekki eitrað fyrir lífríki í skólphreinsistöðvum; EC50 > 100 mg/l. Getur valdið súrefnisskortum í vatni.

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef mögulegt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Tæmið umbúðir vandlega. Athugið að sprengihætta getur stafað af óhreinsuðum umbúðum. Ekki má gata, skera, log- eða rafsjóða óhreinsaðar umbúðir. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinnna á sama hátt og almennt sorp, ef annað kemur ekki fram í reglum.

14. Flutningur.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR / RID Class: 3 UN-no.: 1219 Number and letter: 3 b Name of Material: ISOPROPYL ALCOHOL Symbol: 3
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG Class: 3.2 UN-no.: 1219 Packaging Group: II Ems: - MFAG: - Name of Material: ISOPROPANOL (Isopropyl alcohol) Symbol: 3 Marine Pollutant: No
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA Class: 3 UN-no.: 1219 Packaging group: II Name of Material: ISOPROPANOL (Isopropyl alcohol) Symbol: 3

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar: Skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB.



Varnaðarmerki:

Inniheldur: Ísoprópanól EB-nr.: 200-661-7

H - setningar:

-

V - setningar:

V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
V7 Umbúðir skulu vera vel luktar.
V2 GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda: Reglur um efnanotkun á vinnustöðum nr. 496/1996.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann:: 16-05-00

Dagsetning frumrits: 01-01-00

Gert hefur: EFFE ráðgjöf og þjónusta, Ármúla 36 / FF

Gert fyrir: Skeljung hf., Reykjavík

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H11 Mjög eldfimt.

Annað: Öryggisleiðbeiningarnar innihalda mikilvægar upplýsingar um örugga geymslu, meðhöndlun og notkun vörunnar. Upplýsingarnar þurfa að vera aðgengilegar öllum sem nota vöruna.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá SHELL International Chemical Co. Ltd., London, UK.